

Fyrirtækja-þjónusta IKEA

Þitt fyrirtæki, okkar sérsvið.

Vörur geta verið tímabundið ófáanlegar í versluninni. Vinsamlega hafðu samband við starfsfólk í verslun eða kíktu á IKEA.is fyrir nánari upplýsingar.

Fyrir fyrirtæki af öllum stærðum

Þú sinnir rekstrinum, við sjáum um skipulagið! Rekstur fyrirtækis krefst ótal ákvarðana. Þegar kemur að innréttingum, húsgögnum og vinnurýmum getur verið dýrmætt að hafa reyndan ráðgjafa sér við hlið. Við viljum koma þér til aðstoðar með ráðgjöf, innblæstri, sniðugum lausnum og hentugum þjónustuleiðum. Fyrirtækjaþjónusta IKEA er skipuð fólki sem þekkir vöruúrval og þjónustuleiðir IKEA best og veitir því persónulega og skilvirka þjónustu. Það gefur þér meiri tíma til að sinna því sem skiptir mestu máli – fólkinu og rekstrinum.

Fyrirtækjaþjónusta IKEA
Við aðstoðum fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum við að finna hentugar lausnir fyrir verkefni, stór sem smá. Markmið okkar er að einfalda ferlið, spara tíma og tryggja að verkefnið gangi snurðulaust fyrir sig frá fyrstu hugmynd að afhendingu.

Persónuleg þjónusta
Sérhæfðir ráðgjafar veita persónulega þjónustu og halda utan um kaupferlið frá upphafi til enda.

Lausnir fyrir lítil og stór verkefni
Hvort sem um ræðir eitt rými eða umfangsmikla framkvæmd hjálpum við þér að finna lausn sem hentar þínum þörfum.

Aðstoð við skipulag og vöruval
Við veitum ráðgjöf og teikniþjónustu og aðstoðum við að velja vörur og lausnir sem nýtast sem best.

Tínsluþjónusta og utanumhald
Við tökum vörurnar saman fyrir afhendingu, hvort sem þær eru sendar eða sóttar. Einnig höldum við utan um biðpantanir svo þú sparir tíma, ferðir og fyrirhöfn.

Afhending og uppsetning
Við bjóðum upp á afhendingu og aðstoðum við að finna uppsetningarþjónustu eftir þörfum.

Sérpantanir
Þegar um stærri verkefni eða magnkaup er að ræða er mögulegt að sérpanta vörur.

Hafðu samband á sala@IKEA.is og kannaðu hvað við getum gert fyrir þig!

Viltu hitta fyrirtækjaráðgjafa

Er kominn tími á að endurinnrétta vinnustaðinn eða vantar þig aðstoð við að velja nýja stóla í atvinnurými. Ráðgjafar Fyrirtækjaþjónustunnar hjálpa þér að finna bestu lausnina fyrir fyrirtækið þitt. Það kostar ekkert að hitta ráðgjafa og fundurinn getur farið fram í verslun IKEA, á vinnustaðnum þínum eða í gegnum fjarfundarbúnað.



Óskaðu eftir fyrirtækjaráðgjöf

Bókaðu ráðgjöf og/eða sendu inn pöntun með því að senda póst á sala@IKEA.is.

Undirbúðu þig

Byrjaðu að hugsa um stíl, liti og efni sem passa við rýmið, sæktu þér innblástur á vefnum okkar til að fá hugmyndir. Finndu til grunnmyndir og/eða taktu myndir af rýminu sem þú vilt fá aðstoð með, mældu veggi, lofthæð, glugga, hurðir og annað sem getur haft áhrif.

Fundur með fyrirtækjaráðgjafa

Innifalið í þjónustunni

- Fundur með fyrirtækjaráðgjafa (í persónu eða fjarfundur)
- Mæling á rými
- Teikning úr IKEA teikniforriti
- Vörulisti með IKEA vörum
- Tillaga að þjónustuleiðum
- Verðáætlun
- Persónuleg þjónusta og utanumhald

Hér finnur þú ...

Eldhús í atvinnurými

Frá framhliðum og borðplötum til skipulagslausna, lýsingar og flokkunarkerfa. Kynntu þér lausnir sem gera eldhús í atvinnurými skilvirkari og betur skipulögð.

08

Skrifstofur

Sveigjanleg vinnurými, fundaraðstaða, góð hljóðvist og vinnuvistfræðilegar lausnir skipta máli á nútímavinnustað. Skoðaðu hvernig IKEA getur hjálpað til við að skapa umhverfi þar sem fólki líður vel og nær árangri.

28

Innlit á skrifstofur

Kynntu þér tvö ólík skrifstofurými þar sem IKEA vörur og innréttingar gegna lykilhlutverki. Skoðaðu hvernig sveigjanlegar lausnir nýtast í raun og veru og styðja við bæði þarfir starfsfólks og starfsemina.

32

Fegurð á traustum grunni

Möguleikar METOD eldhúsa eru á flestra vitorði en það sem færri vita er að þau eru einnig vinsæll grunnur fyrir sérsmíðaðar framhliðar. Skoðaðu möguleikana!

36

Samstarfsaðilar IKEA

Við bjóðum upp á úrval af vörum og þjónustuleiðum en þegar verkefnið kallar á meira en IKEA býður upp á getur þú treyst á reynslumikla samstarfsaðila okkar.

40

Þjónusta við verktaka


Frá ráðgjöf og vöruvali til afhendingar og eftirfylgni. Við hjálpum til við að halda utan um verkefnið og koma því í réttan farveg.

44

METOD í atvinnurýmum

METOD eldhúskerfi eru ekki aðeins fyrir heimili. Þau henta einnig einstaklega vel í skrifstofur, verslanir, kaffistofur, veitingarými og fjölbreytt önnur atvinnurými þar sem þörf er á sveigjanlegum og endingargóðum lausnum.

Fyrirtækjaþjónusta IKEA aðstoðar fyrirtæki við að hanna og skipuleggja eldhús sem falla að þörfum hvers verkefnis. Við bjóðum upp á ráðgjöf og teikniþjónustu án endurgjalds og hjálpum þér að skapa rými sem sameinar útlit, virkni og hagkvæmni.



Hurðir og skúffuframhliðar

Hurðir og skúffuframhliðar hafa mikil áhrif á heildaryfirbragð rýmisins. Hvort sem um er að ræða skrifstofueldhús, kaffiaðstöðu, veitingarými eða aðrar innréttingar í atvinnuhúsnæði skipta bæði útlit, ending og viðhald máli.

IKEA býður upp á fjölbreytt úrval framhliða í ólíkum litum, áferðum og stílum. Þannig er auðvelt að finna lausn sem fellur að ímynd fyrirtækisins, notkun rýmisins og þeim kröfum sem gerðar eru til daglegrar notkunar.

Allar framhliðar eru hannaðar með daglega notkun í huga. Þær sameina fallegt útlit, vandaðan frágang og gæði sem endast til lengri tíma.

METOD eldhúskerfið býður upp á fjölbreytta möguleika til sérsniðinna lausna. Á bls. 36–43 geturðu kynnt þér samstarfsaðila okkar sem bjóða sérsmíðaðar framhliðar og borðplötur fyrir METOD.

25 METOD eldhús eru með 25 ára ábyrgð.
Lestu meira um ábyrgðir á IKEA.is

Efniviður í eldhúsframhliðum

Rétti efniviðurinn fyrir verkefnið

Val á framhliðum hefur áhrif á bæði ásýnd, endingu og rekstrarkostnað til lengri tíma. Mismunandi efni henta mismunandi rýmum og því er mikilvægt að velja lausn sem uppfyllir kröfur um notkun, viðhald og útlit.

Hér tökum við saman helstu eiginleika og kosti IKEA eldhúsframhliða. Allar framhliðarnar eru með 25 ára ábyrgð svo þú getur verið viss um að geta notið þeirra lengi vel.



Viður – hlýlegur og einstakur

Tilvalinn þar sem markmiðið er að skapa hlýlegt og vandað yfirbragð.

+ Sterkur og traustur.
+ Hægt að olíubera og bæsa.
+ Liturinn dýpkar með tímanum.
+ Einstakt útlit.



Ryðfrí stáláferð – endingargóð og fagmannleg

Vinsæl lausn í atvinnueldhúsum og öðrum rýmum þar sem gerðar eru miklar kröfur um þrif, endingu og faglegt yfirbragð.

+ Þolir vel fitu, óhreinindi, vatn, hita og hreinsiefni.
+ Færir eldhúsinu fagmannlegt yfirbragð.
+ Auðvelt í þrifum og umhirðu.



Þynna – auðveld í umhirðu og fjölbreytileg

Vinsæl lausn fyrir atvinnurými þar sem sameina þarf gott útlit, endingu og einfalt viðhald.

+ Rispast ekki.
+ Fjölbreytt úrval.
+ Þolir vel raka.
+ Upplitast ekki.





Lakkað – úrval lita og slétt yfirborð

Skapar stílhreint yfirbragð sem fellur vel að fjölbreyttum atvinnurýmum.

+ Litur og áferð eins á allri framhliðinni.
+ Hægt að mála aftur.
+ Auðvelt að þrífa.



Hert gler – sterkt og fallegt

Hentar vel til að létta ásýnd innréttinga, auka sýnileika og skapa opnara yfirbragð.

+ Sterkara en venjulegt gler.
+ Auðvelt að þrífa.
+ Gerir þér kleift að sýna innihald skápanna.
+ Hægt að bæta við lýsingu fyrir notalegt yfirbragð.



Sléttar hurðir og skúffuframhliðar

Sléttar hurðir gefa eldhúsinu beinar línur og slétt yfirborð sem auðvelt er að þrífa, einfaldleikinn í sinni hreinustu mynd. Veldu úr úrvali af áferðum, litum og efniviðum.



Fulningahurðir og -skúffuframhliðar

Fulningahurðir og -skúffuframhliðar eru hlaðnar fallegum smáatriðum svo þær virðast handsmíðaðar og færa rýminu sveitasjarma. Hægt er að fá glerhurðir í stíl við allar framhliðarnar okkar.



Háglansandi hurðir og skúffuframhliðar

Glansandi áferðin kemur vel út í flestum rýmum. Blettir eru ekki vandamál þar sem einstaklega auðvelt er að þrífa yfirborðið.



Hurðir og skúffuframhliðar með innfelldum höldum

Þú tekur kannski ekki eftir þeim strax – en til þess er leikurinn gerður! Innfelldar höldur gefa eldhúsinu mínimalískt og nútímalegt útlit.

Hnúðar og höldur

Litlir hlutir geta gert gæfumuninn!

Hnúðar og höldur setja svip á innréttingarnar og geta haft mikil áhrif á heildarútlitið. Með réttu vali er auðvelt að skapa samræmt og faglegt yfirbragð í skrifstofum, kaffiaðstöðu, hótelum, leiguíbúðum og öðrum atvinnurýmum.

Úrval IKEA býður upp á fjölbreyttar lausnir sem sameina stíl, endingu og notagildi. Hvort sem markmiðið er nútímalegt, klassískt eða hlýlegt yfirbragð eru smáatriðin oft það sem fullkomnar heildina.



Lýsing og snjallvörur

Lýsing sem vinnur með rýminu

Góð lýsing gerir meira en að lýsa upp rýmið. Hún stuðlar að betri líðan, auðveldar dagleg verkefni og skapar notalegt umhverfi fyrir starfsfólk og gesti.

Með markvissri lýsingu má bæta vinnuaðstöðu, draga fram ákveðin svæði og skapa hlýlegra og aðlaðandi umhverfi í kaffiaðstöðu, fundarrýmum og sameiginlegum svæðum.

Hvort sem þörf er á skýrri vinnulýsingu eða stemningslýsingu býður IKEA upp á fjölbreytt úrval lausna sem auðvelt er að laga að hverju rými.

Með snjalllýsingu er hægt að einfalda notkunina enn frekar. Þannig verður auðveldara að skapa rétta birtu fyrir mismunandi verkefni og aðstæður yfir daginn.





Skúffulýsing
Kviknar sjálfkrafa þegar skúffa er opnuð og eykur bæði yfirsýn og þægindi.

Ljóskastarar
Henta vel þar sem þörf er á skýrri og markvissri lýsingu.

Borðlýsing
Tryggir góða lýsingu yfir vinnusvæðið.

Skápaljós
Draga fram innréttinguna og skapa notalegt yfirbragð í rýminu.

Borð- og veggplötur

Borðplötur og veggplötur gegna mikilvægu hlutverki í atvinnurýmum þar sem kröfur eru gerðar um bæði endingu og útlit.

Borðplöturnar okkar fást tilbúnar í tveimur lengdum og tveimur þykktum og eru úr endingargóðum efniviðum með mismunandi útliti og áferðum.

Mismunandi efni henta mismunandi verkefnum og því er mikilvægt að velja borðplötu sem stenst þær kröfur sem dagleg notkun gerir til hennar.

Veggplötur vernda veggina fyrir raka og sliti um leið og þær bæta lit, áferð og samræmi í rýmið. Þær eru auðveldar í þrifum og fljótlegar í uppsetningu.

Borðplötur

Plasthúð

Hagkvæm lausn sem hentar vel þar sem gerðar eru kröfur um auðvelt viðhald og góða endingu.

Þykkur spónn

Hentar vel þar sem markmiðið er að skapa hlýlegt og vandað yfirbragð með náttúrulegum efnum.

	Plasthúð	Þykkur spónn
Ending	3/5	4/5
Rispuþol	3/5	3/5
Hitaþol	3/5	3/5
Blettaþol	4/5	3/5
Auðvelt í þrifum	4/5	3/5
Auðvelt að gera við	0/5	4/5



Veggplötur

LYSEKIL veggplötur bjóða upp á fljótlega og einfalda leið til að breyta ásýnd eldhúss og vernda veggi fyrir daglegu álagi.



LYSEKIL veggplata, tvíhliða, hvít lífleg marmaraáferð/hvít marmaraáferð.



LYSEKIL veggplata, tvíhliða, ryðfrítt stál/látún.



LYSEKIL veggplata, tvíhliða, svart/krossviðaráferð.



LYSEKIL veggplata, tvíhliða, ljós-grátt/steypuáferð matt, hvítt.



Innvols og skipulag

Skipulag sem auðveldar daginn

Með snjöllum hirslum og skipulagslausnum nýtist rýmið betur, hlutirnir verða aðgengilegri og auðveldara verður að viðhalda góðu skipulagi. Þegar hver fermetri vinnur með rekstrinum skapast skilvirkara vinnuumhverfi.

Bestu vinnufélagarnir

Lausnir eins og hnífaparabakkar og skúffuskilrúm sem halda öllu á sínum stað, útdraganlegar hirslur sem nýta dýpt skápanna til fulls og vegghirslur sem færa nauðsynlega hluti innan seilingar hjálpa til við að skapa skilvirkara og snyrtilegra umhverfi. Þegar allt hefur sinn stað sparast tími, bætist yfirsýn og dagleg verkefni ganga hraðar fyrir sig.



Fyrsta flokks vinnustaður

Því einfaldari sem flokkunin er, því líklegra er að hún verði hluti af daglegri rútínu. Með sniðugum lausnum eins og staflanlegum fötum, veggfestum hirslum og sveigjanlegum flokkunarkerfum er auðvelt að skapa lausn sem hentar rýminu og fólkinu sem notar það.



DAMMÄNG staflanleg fata með loki sem sparar pláss og gerir flokkunina snyrtilegri.



FARMARKVAST fata fyrir lífrænan úrgang, sniðug og falleg.



SORTERA flokkunarföturnar staflast til að spara pláss.



UPPDATERA gatatafla í skúffu. Allt helst á sínum stað.



GÅRDSBUTIK er veggfest ruslafata og körin fyrir flokkunina. Þú getur haft hana staka eða nokkrar saman.



HÅLLBAR föturnar eru hannaðar til að koma til móts við mismunandi flokkunarþarfir. Einföld lausn og fyrsta skrefið í gefa úrganginum nýtt líf.

Blöndunartæki og vaskar

Betra daglegt flæði

Það er oft mest um að vera við vaskinn. Þar hefst undirbúningurinn, þar fara fram þrifin og þar mætast ótal verkefni yfir daginn. Þess vegna skiptir máli að lausnirnar séu ekki aðeins fallegar heldur einnig hannaðar til að standast mikla notkun og einfalda dagleg störf.

Vaskar, blöndunartæki og aukahlutir frá IKEA vinna saman að því að skapa skilvirkt vinnusvæði þar sem gott flæði, ending og notagildi fara hönd í hönd. Vatnssparandi lausnir, vandaður frágangur og snjallir aukahlutir hjálpa til við að hámarka nýtingu rýmisins og gera hversdagsleg verkefni auðveldari.



Fáðu meira út úr eldhúsinu

Stundum eru það ekki stóru innréttingarnar sem hafa mest áhrif heldur lausnirnar sem auðvelda dagleg verkefni. Aukavinnupláss, betri hirslur og snjallt skipulag geta gjörbreytt því hvernig rýmið nýtist.

Með færanlegum hjólaborðum, opnum hirslum, veggslám og skipulagsvörum er auðvelt að laga rýmið að þörfum starfsfólks og skapa skipulag sem virkar.



Eldhúseyjur, vinnubekkir, hjólaborð, hjólavagnar og tröppur

Eldhúseyjur, vinnubekkir og færanlegar vinnustöðvar skapa aukið vinnupláss og meiri sveigjanleika. Þær henta vel í rými þar sem starfsemin breytist yfir daginn eða þar sem þörf er á að laga vinnuaðstöðuna að mismunandi verkefnum.



Opnar hirslur gefa mikla möguleika

Með hillum, snögum, slám og rekkum færð þú hirslu sem veitir þér góða yfirsýn og gerir eldhúsáhöldin aðgengilegri.

Hvort sem um er að ræða kaffiaðstöðu, starfsmannaeldhús eða stærri mötuneyti hjálpar Fyrirtækjaþjónusta IKEA þér að finna lausnir sem bæta nýtingu rýmis, einfalda dagleg verkefni og skapa betra flæði.



Rými fyrir afköst

Skrifstofur þurfa að sinna ólíkum hlutverkum. Þær þurfa að skapa rými fyrir einbeitingu, samstarf, fundi og óformleg samtöl, oft í takmörkuðum fermetrafjölda.

Með lausnum frá IKEA er hægt að skapa vinnuumhverfi sem styður einbeitingu, samstarf og vellíðan án þess að fórna sveigjanleika.

Hvort sem um er að ræða einstaklingsvinnu, teymisvinnu eða sameiginleg svæði þá stuðla vel hönnuð rými að betri afköstum og vellíðan.



Ró og næði

Góð hljóðvist dregur úr truflunum, eykur næði og styður við einbeitingu í opnum vinnurýmum. Við hönnun á hljóðdempandi MITTZON vörunum var lögð áhersla á að skapa sveigjanleg vinnurými og litið til náttúrunnar þegar kom að mynstri, litum og efni. Þykk og bólstruð skilrúm skapa hlýlegt og stílhreint umhverfi um leið og þau tryggja næði milli vinnustöðva.



Eykur næði. MITTZON skilrúmin dempa hljóð á skilvirkan hátt með kjarna úr gegnheilum við og þykkri viðartrefjafyllingu á báðum hliðum.





Andreas Fredriksson, hönnuður
„Þegar ég hannaði MITTZON skilrúmin sótti ég innblástur í lífræn form náttúrunnar til að milda yfirbragð skrifstofuhúsgagna sem er oft frekar kalt. Saumamynstrið minnir á sandöldur á ströndinni.“



Rými sem aðlagast verkefnunum

Sniðug húsgögn auðvelda þér að laga vinnustaðinn að mismunandi verkefnum yfir daginn. Samanbrjótanleg borð og staflanlegir fundarstólar bjóða upp á fjölbreyttar lausnir án þess að það komi niður á stíl eða þægindum.









Þar sem hugmyndir verða að veruleika

Vel skipulögð fundaraðstaða skapar betri umgjörð fyrir ákvarðanatöku, samstarf og skapandi vinnu, hvort sem um ræðir litla teymisfundi eða stærri samkomur.









Vinnurými fyrir vellíðan

Til að tryggja afkastamikið umhverfi er lykilatriði að skapa vinnustað þar sem þægindi og vellíðan eru í fyrirrúmi. Þegar fólki líður vel er það einbeittara, meira skapandi og orkumeira – hvort sem það vinnur eitt eða með öðrum í teymi.

Samvinna, vellíðan og sveigjanleiki

Innlit á skrifstofu IKEA

Þegar IKEA flutti í nýjar skrifstofur í Kauptúni árið 2024 var markmiðið að skapa vinnuumhverfi sem styður við samvinnu, vellíðan og sveigjanleika.

Rýmið sameinar opin vinnusvæði, fundaraðstöðu og hljóðdempandi lausnir sem færa starfsfólki sveigjanleika til að vinna í því umhverfi sem hentar hverju verkefni best.

Hjarta skrifstofunnar er innigarðurinn, fjölnota samverurými þar sem starfsfólk hittist, fær sér kaffi og nýtur samveru, hvort sem um er að ræða spjall, viðburði eða tilefni til að fagna árangri.



Innréttingar og húsgögn eru valin með bæði þægindi og endingu í huga. Hæðarstillanleg skrifborð, vinnuvistfræðilegir stólar, snjallar hirslulausnir og hlýlegt umhverfi skapa aðstöðu sem styður við fjölbreyttan vinnudag. Jafnframt gegna litaval, lýsing og efnisnotkun mikilvægu hlutverki við að skapa rými sem er bæði fallegt og hagnýtt.



Fyrirtækjaþjónusta IKEA getur aðstoðað fyrirtæki við að þróa heildstæða lausn frá fyrstu hugmynd að fullbúinni vinnuaðstöðu. Með áherslu á þarfir notenda, hagkvæmni og góða nýtingu rýmis verða til vinnustaðir sem stuðla að góðu flæði.





Hannað með fólkið í forgrunni

Innlit á skrifstofu Eignabyggðar

Vel hannaður vinnustaður þarf að sinna margvíslegum hlutverkum. Hann býður upp á aðstöðu fyrir einbeitingu, samstarf, fundi og dagleg samskipti.

Skrifstofa Eignabyggðar sameinar faglegt umhverfi og þægindi sem styðja bæði starfsfólk og rekstur. Þar eru skrifstofurými, fundarherbergi, kaffistofa og fullbúið eldhús þar sem hádegismatur er eldaður á staðnum.

Með lausnum frá IKEA er hægt að innrétta ólík rými í samræmdum stíl og skapa heildstætt yfirbragð á vinnustaðnum. Úrvalið nær yfir allt frá vinnuaðstöðu og fundarrýmum til kaffistofa og eldhúsa og býður upp á lausnir sem laga sig að þörfum hvers rýmis.



Þegar allt vinnur saman


Fundarrýmin bjóða upp á sveigjanlega aðstöðu en vinnusvæðin eru hönnuð með áherslu á þægindi, skipulag og góða nýtingu rýmis. Saman mynda lausnirnar heild þar sem útlit og notagildi fara hönd í hönd.





Hjá IKEA finnur þú lausnir fyrir allt frá lítilli vinnuaðstöðu til stærri skrifstofurýma. Markmiðið er að hvert rými nýtist sem best og að heildin vinni saman.






Samstarf með HAF STUDIO

HAF STUDIO og Fyrirtækjaþjónusta IKEA hafa unnið saman í mörg ár. Verkefnin eru af ýmsum toga, svo sem skrifstofur, verslanir, veitingastaðir, hótel eða heimili.

Engin tvö verkefni eru eins og því nálgast HAF STUDIO hvert og eitt á ólíkan hátt. Hver lausn er þróuð í samstarfi við viðskiptavininn með þarfir verkefnisins að leiðarljósi. Þá kemur sér oft vel að blanda saman sérsmíði við tilbúnar hagkvæmar IKEA lausnir.








HAF STUDIO hefur boðið upp á sérsmíðaðar framhliðar fyrir METOD eldhús frá árinu 2019.

Hægt er að velja hvort framhliðar séu með innfelldum höldum, liti eftir smekk, áfellur og svo mætti áfram telja. Það gefur fólki kost á að fá sérsniðið eldhús byggt á METOD skápum.





Fegurð á traustum grunni


Innlit í METOD eldhús með sérsniðnum framhliðum

METOD eldhúskerfið hefur lengi verið vinsælt fyrir sveigjanleika, gott skipulag og fjölbreytta möguleika. Með sérsmíðuðum framhliðum og borðplötum er hægt að taka lausnina skrefi lengra og skapa útlit sem fellur fullkomlega að stíl, þörfum og ímynd hvers verkefnis.

Með því að sameina snjallar IKEA lausnir og sérsniðna hönnun skapast rými sem sameina fagurt útlit, hagkvæmni og virkni.

Útkoman er einstakt rými sem nýtur allra kosta METOD ásamt sérsniðnu yfirbragði sem færir rýminu karakter.







Engar málamiðlanir

METOD eldhús sameinar góða nýtingu rýmis, snjallt skipulag og sveigjanleika sem auðvelt er að aðlaga að ólíkum verkefnum. Með því að byggja á lausnum frá IKEA færðu traustan grunn með vönduðum innri lausnum og möguleika á að sérsníða útlitið eftir þörfum.





Samstarfsaðilar

Hjá IKEA leggjum við áherslu á að gera leiðina frá hugmynd að veruleika eins einfalda og mögulegt er. Þess vegna vinnum við með traustum samstarfsaðilum sem deila sömu sýn um gæði, fagmennsku og góða þjónustu.

Svansverk

Svansverk hefur um árabil sérhæft sig í uppsetningu innréttinga, sérlausnum og vönduðum frágangi. Með reynslu sinni og þekkingu hjálpa þau viðskiptavinum að koma hugmyndum sínum í framkvæmd með faglegum vinnubrögðum og persónulegri þjónustu.

Hvort sem um ræðir nýtt eldhús, atvinnurými eða aðrar innréttingalausnir er markmiðið alltaf það sama: að skapa vel hönnuð rými sem nýtast vel, endast lengi og gera daglegt líf einfaldara.

Í samstarfi IKEA og Svansverks færð þú aðgang að lausnum sem ná lengra en vörurnar sjálfar. Frá fyrstu hugmynd og hönnun til uppsetningar og lokaútfærslu vinnum við að því að tryggja að heildarupplifunin verði eins góð og árangurinn sjálfur.











REIN

REIN hefur þjónustað viðskiptavini IKEA með borðplötur frá árinu 2010. Þjónustan nær yfir allt ferlið, frá ráðgjöf við efnisval og nákvæmum mælingum til framleiðslu og uppsetningar. Viðskiptavinir geta valið úr borðplötum úr 200 ólíkum steinum, í ólíkum verðflokkum, útliti og eiginleikum sem skipta mestu máli hverju sinni.

Viðskiptavinir IKEA geta sent REIN teikningar og fengið nákvæmt verðtilboð, yfirleitt innan sólarhrings. Enginn falinn eða óljós kostnaður er í tilboðsgerðinni sem einfaldar áætlanagerð í framkvæmdum. Borðplötur frá REIN eru unnar úr vönduðum efnum með alþjóðlegar vottanir, þola mikla notkun og eru auðveldar í viðhaldi. Rík áhersla er lögð á gæði í hverju smáatriði svo niðurstaðan verði falleg, endingargóð og í fullu samræmi við kröfur IKEA.






Fanntófell

Fanntófell hefur í tæp 40 ár sérhæft sig í framleiðslu á borðplötum og sólbekkjum úr gæðaefni fyrir arkitekta, hönnuði, verktaka, innréttingaframleiðendur og einstaklinga, allt eftir óskum hvers og eins í sérsmíðuðum lengdum og breiddum, tilbúið til uppsetningar. Úrvalið í efni, lit og áferð er mikið, hvort heldur sem er í harðplasti eða akrýlstein, með nánast endalausa möguleika í hönnun.

Verktakar í góðum höndum

Við vitum að engin tvö verkefni eru eins. Þess vegna leggjum við áherslu á persónulega þjónustu þar sem þarfir hvers viðskiptavinar eru í forgrunni. Hvort sem um er að ræða nýbyggingu, endurbætur eða stærri framkvæmdir, þá er teymið okkar til staðar til að veita ráðgjöf, finna hentugar lausnir og einfalda ferlið frá upphafi til enda.

Hjá Fyrirtækjaþjónustu IKEA fá verktakar aðgang að fjölbreyttu vöruúrvali, faglegri ráðgjöf og þjónustu sem auðveldar dagleg störf. Starfsfólk Fyrirtækjaþjónustunnar vinnur náið með viðskiptavinum okkar og leggur metnað í að vera traustur samstarfsaðili sem hægt er að treysta á þegar verkefnin kalla.



Ingvi og Dofri sérhæfa sig í stærri verkefnum fyrir verktaka. Þeir vinna náið með verkefnastjórum til að tryggja að allt gangi smurt fyrir sig, frá fyrstu áætlunum til lokaafhendingar.



Ókeypis ráðgjöf

Það getur einfaldað verkið til muna að hafa einhvern sem heldur utan um birgðir, tínir til og sendir vörur ásamt því að halda utan um allt kaupferlið og biðpantanir. Hægt er að panta tíma í ókeypis fyrirtækjaráðgjöf sem getur farið fram í notalegri aðstöðu Fyrirtækjaþjónustunnar á neðri hæð verslunarinnar, á þínum vinnustað eða í gegnum fjarfundarbúnað.

Sendu tölvupóst á sala@IKEA.is ef þú vilt nýta þér þjónustuna eða kynna þér málið betur.

© Inter IKEA Systems B.V. 2027

Finndu fullkomið skrifborð fyrir þig

Hannaðu þitt vinnusvæði með úrvali af borðplötum og grindum.
Hvort sem þú kýst að sitja eða standa þá veita skrifborðin okkar þægindi og stuðning svo þú haldir einbeitingu.

10

10 ára ábyrgð.

MITTZON

Sterkbyggt skrifborð með tveimur mótorum og mikilli burðargetu.

Tveir snagar fyrir heyrnartól eða töskur.

Rafdrifin stýring með tveimur stillingum í minni.

Stillanleg breidd á MITTZON grindinni gerir það að verkum að hún passar fyrir MITTZON borðplötur sem eru bæði 120 og 160 cm.

Endaplatan er með litlu hólfi fyrir KOPPLA fjöltengi og rými fyrir allar rafmagnssnúrurnar.

Árekstrarvörn nemur fyrirstöðu og snýr hreyfingunni sjálfkrafa við um 30-50 mm.

Snúrubakki.